

## 103. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

23. Ágúst 2019 KL 17:00 á Skrifstofu Kraft.



Mættir: Gry Ek – Formaður  
Þórunn Lilja Vilbergsdóttir – varaformaður  
Inga María Henningsdóttir – ritari  
Alex Cambray Orrason – gjaldkeri  
Auðunn Jónsson – íþróttastjóri  
Aron Friðrik Georgsson - meðstjórnandi  
Guðbrandur Sigurðsson – meðstjórnandi

Dagskrá: 1. Stutt yfirferð á stöðu verkefna hvers og eins.  
2. Íþróttastjóri segir frá EM-BP og landsliðsverkefnum sem framundan eru.  
3. Staða fjármála.  
4. Mótaskrá  
5. Þjálfaranámskeið 1 og 2  
6. RIG 2020.  
7. WEC 2020.  
8. Þing NPF og IPF- tilnefningar í embætti.  
9. dagsetning stjórnarfunda og formannafundar í haust.  
10. Önnur mál

Gry setti 103. Stjórnarfund kraft kl 17:00.

### 1. Stutt yfirferð á stöðu verkefna hvers og eins:

Inga ætlar að klára greinar um aðildafélög fyrir síðuna.

Aron ætlar að ræða við Klaus um tölvuöryggi.

Stjórnin er sammála að taka þurfi skrifstofu í gegn, Auðunn og Lára ætla að fara í það.

Til eru auka stuttermá pólóbolir merktir Kraft á skrifstofu og Lára dreyfir þeim á t.d. dómara og mótshaldara.

### 2. Íþróttastjóri segir frá frá EM-BP og landsliðsverkefnum sem framundan eru.

Auðunn kemur með uppástungu að þeir sem fara erlendis á mót skulu skila skýrslu til hans. Stjórn samþykkir það.

María og Alexandra fóru til Japans á HM í bekk og stóðu sig mjög vel. Aron fór fyrir hönd Kraft á EM í klassískum kraftlyfringum í Svíðþjóð og seigir að mótið hafi verið flott sett upp, allt gengið vel. Halldór stóð sig með þryði. Auðunn fór til Rúmeníu á vegum Breiðablik á EM öldunga, keppendur stóðu sig vel. EM í klassískri bekkpressu fór fram í Lúxemborg og fóru Alexandra, Matthildur, Halldór og Ríkhartur út og stóðu sig með þryði.

HM unglinga byrjar næsta mánudag og fer mótið fram í Kanada og erum við með 4 keppendur. Stjórn þarf að vera viss að eitthver mæti á tæknifund. Vestur evrópu keppnin framundan og erum við þar með 9 keppendur. Guðbrandur og Alex ætla að hittast á

### 103. Stjórnarfundur Kraft.

Þriðjudeginum áður en Alex fer út og ræða við bókara, Gry fer með í það. Stjórn er sammála að það sé mikill munur að fá íþróttastjóra og sama á við Láru.

#### 3. Staða fjármála.

Stjórnin er sammála að halda þurfi æfingabúðir.

Lára fer á þjálfaranámskeið á vegum IPF og stjórn er sammála að greiði eigi fyrir hana.

Stjórn þarf að gera eithverskonar samning fyrir hana.

Kaupa þarf lyfjapróf á mót og fellur það undir kostnað vegna móta. Hugmynd kom hjá stjórn að deila fagteimi á afreksmenn og Alex gerir tillögu við fagteimi fyrir næsta fund.

Gry ætlar að athyga tengsl við fagteimi.

Guðbrandur útbjó flotta kynningu á Kraft og sendi á 135 fyrirtæki hefur ekki fengið já um styrk frá neinu ennþá.

Alex rúkkar keppnisgjöld og fara þau gjöld í hæfileikamótun. Kraft á að geta sótt um Erasmus styrk og Gry tekur það að sér að skoða það.

Gry, Alex og Guðbrandur fara í gegnum fjármál og í hvað á að eyða styrkjum í fyrir rest af ári, svo sambandið fái styrk á næsta ári.

Auðunn kom svo með hugmynd fyrir stjórn, þegar félög tilnefna í landsliðsverkefni væri þá sniðugt að fá félög myndu tilnefna unga og efnilega til þess að vera í hæfileikamótun.

Þá myndi stjórn búa til hóp sem fengu þá smá pakka frá okkur (bol, brúsa t.d) þá yrði þetta hvatning fyrir unga keppendur. Auðun myndi þá taka þetta verkefni að sér. Stjórn þyrfti að ráðleggja hæfileikamótun peningum í þetta verkefni.

#### 4. Mótaskrá 2020.

Mótaskrá 2020 er samþykkt af stjórn með nokkrum breytingum. Vesturevrópukeppnin er 11-13 september á Íslandi svo það gengur ekki að hafa ÍM í réttstöðu helgina eftir. ÍM í réttstöðu verður þá 13. Júní.

Keppendur þurfa að velja hvort þeir vilja keppa í opnum flokki eða aldurstengdum.

Vantar mann í stað fyrir Þórunni í mótanefnd út árið 2019 og Inga athugar með Halldór, hann er til. Einar fer í formannsstöðu á meðan Þórunn er í orlofi. Mótanefnd finnur mótshaldara fyrir 2020.

Mótaskráin 2020 lítur þá svona út:

RIG 2020	25. janúar
Æfingamót/dómarapróf	22. febrúar
ÍM í búnaði	21. mars
ÍM í klassík	18. apríl
ÍM í bekk klassík/búnaðu	9 og 10 maí
ÍM í réttstöðulyftu	13. júní
BM í klassík	24. október
BM í búnaði	21. nóvember

#### 5. Þjálfaranámskeið 1 og 2.

Þjálfaranámskeið er í undirbúning. Ekki er komin dagsetning á námskeiðið en Gry sendir á stjórn um leið og hún kemur.

## 103. Stjórnarfundur Kraft.

### 6. RIG 2020.

Stjórn er sammála að við tökum aftur þátt. Sambandið hefur hingað til greitt mótagjald, doping fee og sjónvarp, stjórn sammála að við gerum það aftur 2020. Ármann hefur greitt restina, Gry ætlar að heyra aftur í Ármann hvort þeir séu tilbúin að taka aftur þátt. Finna þarf eitthvern til að leggja dýnur og flytja lóð. Gry býður sig fram sem mótstjóra, stjórn samþykkir.

### 7. WEC 2020.

Vesturevrópukeppnin 2020 verður haldin á Íslandi. KFA hefur tekið að sér að halda þetta mót að sér munnlega. Alex ræðir við stjórn KFA. Sambandið mun koma meira inni þetta mót en NM og finna þarf skipulagsnefnd fyrir þetta mót.

### 8. Þing NPF og IPF- tilnefningar í embætti.

Þing NPF og IPF eru framundan. Sigurjón er varaforseti IPF og ætlar að bjóða sig fram aftur. Stjórn sendir inn tillögu með að fá hann áfram. Gry kemur með humynd að bjóða honum hingað á september fundinn. Stjórn samþykkir.

### 9. Dagsetning næsta stjórnarfundar.

Næsti fundur verður 19. September.

### 10. Önnur mál.

Haft verður sambandi við lyfjaeftirlitið vegna prófa á ÍM í Garðabæ.

Fundi lokið 18:25.

Ritari – Inga María Henningsdóttir.